

Skólaráð Heiðarskóla

Fundargerð 7. október 2021

Mættir: Jón Logi Víðisson, Rakel Rán Unnarsdóttir, Bryndís Jóna Magnúsdóttir, Íris Ástþórsdóttir, Ingunn Rós Valdimarsdóttir, Margrét Eðvaldsdóttir, Inga Brynja Magnúsdóttir, Arnar Stefánsson og Klemenz Sæmundsson.

Fundarritari: Lóa Björg Gestsdóttir

Dagskrá fundarins

1. Skólabyrjun
 - Almenn um skólabyrjun
 - Frístund og íþrótt- og tómstundaakstur
 - Nýjungar í skólstarfinu
 - Nýnemar og nýtt starfsfólk
2. Starfsáætlun
 - Umræða
 - Samþykki
3. Önnur mál

Skólastjóri byrjaði á að fara yfir hverjir væru í skólaráði þetta árið og bauð þann nýja velkominn. Í skólaráði eru eru;

Bryndís Jóna Magnúsdóttir, skólastjóri
Arnar Stefánsson fulltrúi foreldra
Inga Brynja Magnúsdóttir, fulltrúi foreldra
Margrét Eðvaldsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna
Ingunn Rós Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara
Íris Ástþórsdóttir, fulltrúi kennara
Klemenz Sæmundsson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu
Jón Logi Víðisson, fulltrúi nemenda og formaður nemendafélagsins (kemur nýr inn)
Rakel Rán Unnarsdóttir, fulltrúi nemenda
Fundarritari er Lóa Björg Gestsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Skólabyrjun

Skólastjóri fór yfir skólabyrjun en skólstarfið fer vel af stað.

Breytingar hafa orðið á starfinu í Frístund; 1. bekkur kom fyrr inn eða 9. ágúst og svo hefur Reykjanesbær farið af stað með frístundaakstur. Mikil fjölgun varð í Frístundarúrræði í Heiðarskóla þetta árið.

Helstu nýjungar í skólstarfinu þetta árið eru; yndislestur heima fyrir, gerð stærðfræðiáætlunar skólans, fléttufjör á unglíngastigi og pælum og lærum fyrir starfsfólk. Skólastjóri fór yfir þessar nýjungar og hvernig þær efla skólstarfið okkar.

Fjórir nýir kennarar bættust í starfshópinn á þessu skólaári. Tveir á unglíngastigið, einn á yngsta stig og myndmenntakennari.

Framundan í skólastarfinu er uppbyggingastefnudagurinn sem haldin er ár hvert, menningarstundir sem verða 16. nóvember á degi íslenskrar tungu og aðventudagskráin í desember. Jón Logi og Rakel sögðu okkur svo frá föstudagsfjóri sem nemendaráð hyggst halda fyrir unglingastigið.

Starfsáætlun

Starfsáætlun kom til fundarmanna í tölvupósti rúmri viku fyrir fundinn. Engar athugasemdir bárust. Skólastjóri fór yfir helstu breytingar frá síðasta ári og um leið helstu áherslur og umbótaáætlunina. Starfsáætlun var samþykkt af öllum í skólaráði.

Önnur mál

Klemenzen opnaði umræðu á mikilvægi þess að nemendur gangi í skólann og kom með hvatningu að koma skilaboðum til foreldra. Allir sammála um að hvetja nemendur til að ganga í skólann og foreldrar fái skilaboð og hvatningu.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:45